

Reykjavík, 3. nóvember 2026
USK26090075

**Vesturfold 3 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn Odds Kristjáns Finnbjarnarsonar, dags. 4. september 2026, um áður gerðar breytingar í kjallara og bílskúr hússins á lóð nr. 3 við Vesturfold þar sem búið er að innrétta geymslu, baðherbergi og sjónvarpskrók í kjallara og skipta upp bílskúr sem nú er nýttur sem mótorhjólageymsla og alrými og svefnherbergi, samkvæmt uppdr. THG arkitekta, dags. 4. september 2026. Annarri bílskúrshurðinni hefur verið lokað og í staðinn komin gönguhurð og gluggi. Einnig er lögð fram skoðunarskýrsla Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 4 mars 2026.


*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*



*Fyrir*



*Eftir*

**Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Vesturfold 2 borgarhluta 8 og er hluti af íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Vesturfold 3.

**Umsögn**

Húsið á lóð Vesturfoldar 3 var byggt 1990 og er skráð einbýlishús. Skv. fasteignaskrá er húsið í dag 206,3 fermetrar.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á áður gerðum framkvæmdum í kjallara. Tekin eru í notkun áður óútgrafin rými og tvöföldum innbyggðum bílskúr skipt upp í íverurými og mótorhjólageymslu.

Umfang húss mun ekki aukast og búið er að hugsa fyrir brunavörnum og flóttaleiðum skv. skýrslu Slökkviliðs Reykjavíkur sem fylgdi fyrirspurn.

Skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er heimilt að bæta við aukaíbúðum þar sem hægt er að koma því við á góðan hátt svo lengi sem ákvæðum byggingarreglugerðar eru uppfyllt.

**Niðurstaða**

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

Reykjavík

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík